

Guðmundur Georgsson læknir Til er sauðfé á Íslandi sem er ónæmt fyrir riðusmiti

Riðuveiki hefur greinst í íslensku sauðfé á ákveðnum svæðum á landinu í meira en eina öld. Þar sem riðuveiki kemur upp er öllu sauðfé á þeim bæ slátrað jafnvel þótt aðeins ein kind sé með einkenni riðuveikinnar. Sömuleiðis er allt hey brennt. Síðan verður að hreinsa og sótthreinsa fjárhúsin og þau verða að vera fjárlaus í tvö ár. Í erindi um riðuveiki í sauðfé sem Guðmundur Georgsson læknir hélt að Keldum skömmu fyrir síðustu jólin kom fram að á níu bæjum, þar sem öllu fé var lógað vegna veikinnar, kom hún upp aftur 12 til 19 árum eftir að fénu var lógað. Það virðist því vera hæpið að hægt sé að útrýma riðuveiki nema með því að brenna þær kindur sem lógað er í stað þess að urða þær og að rækta upp sauðfjárstofn sem er ónæmur fyrir riðuveikinni. Guðmundur Georgsson segir slíkt sauðfé vera til hér á landi en nánar verður komið að því síðar.

Barst til landsins 1878

Í samtali við Bændablaðið sagði Guðmundur að talið væri, en ekki sannað, að riðuveiki hafi borist hingað til lands með hrút sem fluttur var til landsins frá Englandi og komið var fyrir á bæ í Skagafirði árið 1878. Bændur í Skagafirði urðu varir við veiki í fé sínu nokkrum árum eftir komu hrútsins sem síðan reyndist vera riðuveiki. Þessi hrútur var mikið notaður í Skagafirði og nærsveitum sem og afkomendur hans. Norðurland hefur síðan verið mesta riðusvæði landsins allt frá Miðfirði og austur um til Fnjóskadals. Annars hefur riðuveiki orðið vart um allt land nema hvað hún hefur aldrei komið upp á Ströndum, Snæfellsnesi, Norðausturlandi og Austur-Skaftafellssýslu.

Guðmundur segir að riðuveiki sé bannvænn sjúkdómur fyrir sauðfé. Hann segir að það sé misjafnt hve há dánartíðni er í hjörðum en dæmi hafi verið um allt að 30% dánartíðni á ári í hjörðum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu þegar hvað mest var um riðuveiki. Í seinnitíð eftir að farið var að fylgjast grannt með sjúkdómnum, eða frá árinu 1953, hefur þetta breyst. Guðmundur segir að óhætt sé að borða kjöt af riðuveiku sauðfé gagnstætt því sem er með kjöt af skepnu með kúariðu. Riðuveiki berist ekki í fólk.

Barst víðar 1953

Riða í sauðfé var bundin við fyrrnefnt svæði á Norðurlandi allt fram til 1953 en þá kom upp riðuveiki utan þess í fyrsta sinn. Fyrst kom hún upp í Barðastrandasýslu sem er fjarri upptakasvæðinu og menn höfðu enga skýringu á hvernig hún hafði borist alla þessa leið. Árið 1957 var sett reglugerð sem beinist að því að reyna að hefta útbreiðslu riðunnar. Það var gert tilkynningarskylt ef riða kom upp og sömuleiðis var það nýtt að öll hjörðin var skorin niður en áður höfðu bara riðuveiku kindurnar verið skornar. Þetta var skynsamleg ákvörðun að sögn Guðmundar því við seinni tíma rannsóknir á Keldum hefur komið í ljós að jafnvel þótt aðeins ein kind sé veik í hjörðinni þá bera 40 til 60% hennar smit þótt það sé algerlega einkennalaust. Þetta segir hann að sé eitt af því sem gerir það svo erfitt

að uppræta riðuveikina. Eftir að kind hefur smitast getur liðið langur tími þar til einkennin koma fram en hún lifir tæplega lengur en 2 ár.

Hólfaskiptingin vegna mæðiveikinnar virðist ekki hafa dugað gagnvart riðuveikinni. Landinu var

en 12 voru algerlega riðufri en það voru Strandir, Snæfellsnes, Austur-Skaftafellssýsla og Norðausturland. Þessi svæði hafa haldist riðufri alla tíð og frá þessum svæðum hafa menn svo fengið fé til ásetnings þegar þurft hefur að skera nið-



Ljósmynd: Karl Skírnisson

skipt í 30 varnarhólf þegar fé hafði verið skorið niður vegna mæðuveiki, visnu og garnaveiki. Á þessum tíma var allt fé á riðusvæðinu á Mið-Norðurlandi skorið niður. Í staðinn var fengið heilbriggt fé af öðrum landsvæðum. Það merkinga við þann niðurskurð á fé sem átti sér stað á þessum tíma var að það tókst að uppræta mæðiveiki og visnu. Riða kom hins vegar upp aftur á upptakasvæðinu á Norðurlandi, meira að segja á bæjum sem höfðu verið fjárlausir í þrjú ár. Guðmundur segir að þetta hafi verið fyrsta vísbendingin um að smitið gæti lifað svona lengi og að það gæti legið í umhverfinu en áður var talið að það smitaðist frá einni kind til annarar.

Þrettán til nitján ár

Þú greindir frá því í fyrirlestri þínum að dæmi væri um að smit hafi lifað í 13 til 19 ár og sagðir þetta nýja uppgötvun?

„Já þetta eru alveg nýjar upplýsingar. Árið 1978 var sett upp áætlun og reglur um að útrýma riðuveikinni og hefur Sigurður Sigurðarson borið vega og vanda af þessari áætlun. Þá var varnarhólfum fjölgað úr 30 í 36. Þegar riðuveikin var í hámarki náði hún til 24ra af þessum 36 varnarhólfum

riða 1982 og féð skorið niður. Síðan var fjárlaus í 3 ár en þá voru keypt lömb af Ströndum sem er riðufrið svæði. Fjárhúsin voru orðin mjög gömul þannig að ákveðið var að brenna þau og byggja ný. En litlum kofa rétt við bæjarhúsin var haldið eftir og hann látinn standa. En 13 árum eftir niðurskurðinn flutti bóndinn nokkur lömb í gamla kofann sem ekki hafði á sinni tíð verið hægt að sótt-hreinsa almenninga. Tveimur árum síðar kom upp riða á þessum bæ. Þarna hefur smitið haldist í umhverfinu í 13 ár,“ sagði Guðmundur.

Næstum óviðráðanleg

Hann var spurður hvort riðuveikin væri ekki algerlega óviðráðanleg fyrst smit getur lifað í umhverfinu allt að 13 til 19 ár?

„Það er ég hræddur um og eins hitt að hún geti haldist mun lengur



virk í umhverfinu og það skýrir ef til vill ástæður þess að hún kemur upp aftur og aftur þrátt fyrir niðurskurð, sótthreinsun og strangar reglur á öllum sviðum. Ég hef bent yfirdýralæknisembættinu á að ég telji ómögulegt að útrýma riðuveiki með þeim aðferðum sem nú er beitt. Ég vil að vísu að þessum aðferðum verði haldið áfram en legg mikla áherslu á að nýttar verði niðurstöður rannsókna á arfgerð fjár með tilliti til móttöðu

eða næmi fyrir riðu. Við fengum sameindalíffræðing til okkar 1995 til að gera aðgerðargreiningu á fénu. Menn voru þá að byrja á því í Bretlandi og höfðu fundið að ákveðnar arfgerðir af þeim erfðavísi eða normalpróteini sem breytist í smitefni sem er mjög sérkennilegt og frábrugðið öllu öðru smitefni eins og bakteríum og veirum. Niðurstaðan var sú að það virðist vera ein arfgerð sem íslenska sauðféð hefur og veitir mótspyrnu gegn riðusmitinu og það hefur ekki fundist riðuveiki í fé með þá arfgerð. Það sem ég hef lagt til er að reyna að rækta upp fé með þessa arfgerð og móttöðu gegn riðuveikinni og velja úr þeim stofni þegar sett er á eftir niðurskurð. Á þetta þarf að láta reyna betur því ekkert í læknavísindunum er 100%,“ segir Guðmundur.

Heilbrigðir smitberar

Hann segir að fé með þetta arfgengi sé til í hinum og þessum hjörðum í landinu. Arfgerðargreiningin sýndi að það er enginn marktækur munur á tíðni mismunandi arfgerða á riðusvæðunum og hinum þar sem hún hefur aldrei komið upp. Guðmundur telur það afrek út af fyrir sig að tekist hafi að halda þessum landsvæðum lausum við riðuveiki. Ef farið verður í að rækta þetta fé upp segir Guðmundur að hugsanlegt sé að þá sé verið að ala upp heilbrigða smitbera. Það segir hann vera þekkt fyrirbæri. Karakul hrútarnir sem fluttir voru til landsins á sinni tíð og báru með sér visnu og mæðiveikismit þeir sýndu aldrei nein einkenni veikinnar og voru því heilbrigðir smitberar.

„En við höfum aldrei fundið smit í því fé sem hefur þessa fyrrnefndu arfgerð. Hins vegar höfum við rannsakað hjarðir sem varð að skera niður vegna riðu og 40 til 50% þess fjár í hjörðinni sem var alveg einkennalaus af veikinni báru eigi að síður smit. Vandinn er hins vegar sá að þessi arfgerð er sjaldgæf. Ef menn vilja losna við riðuveikina held ég að ekki verði hjá því komist að hefjast handa sem fyrst við að rækta upp þetta fé enda eru aðrar þjóðir byrjaðar á því,“ sagði Guðmundur Georgsson.

RITCHIE

SAUÐFJÁRMERKI

**SNAP TAG LAMBAMERKI**

**DALESMAN MINI LAMBAMERKI**

**Axi.is**

VIÐURKENNT AF YD

Járnháls 2 • sími: 534 5430 • netfang: axi@axi.is

Haugsugu barkar

**Landbúnaður**

**Byggingaröðnaður**

**Matvæla og efna öðnaður**

**Sveitafélag og opinn stofn**

**Sjálvstjórnun**

Fóðurbarkar
Efna- og hitapólinir
barkar

Háþrýstislangur fyrir
glussa og loft

Gúmmi slöngur
og hosur í úrvali

Garðslöngur í úrvali
gerðir og eiginleikar
við allra hæð

**LANDVÉLAR ehf**

Smiðjuvegur 66 - 200 Kópavogur - S. 580 5800 Fax 580 5801
http://www.landvelar.is - netfang: landvelar@landvelar.is